

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Örvar - reglur um úthlutun styrkja til verkefna og viðburða á málefnasviðum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis

1. gr.

Tilgangur.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra veitir, með heimild í 42. gr. laga um opinber fjármál, eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári, styrki til verkefna og viðburða sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Heildarfjárhæð styrkja er samkvæmt heimild í fjárlögum hverju sinni.

2. gr.

Styrkhæfi verkefna.

Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna eða viðburða til eins árs í senn.

Að jafnaði eru eingöngu veittir styrkir til félaga og samtaka vegna verkefna sem ekki njóta lögbundins stuðnings eða falla undir sjóði eða sérstaka samninga. Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem falla undir aðra málaflokka en þá sem eru á verkefnasviði ráðuneytisins. Þá eru hvorki veittir styrkir til nefndarsetu né styrkir til BA/BS-, eða meistaraþrófsverkefna.

Hver einstakur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en 1.500.000 kr.

3. gr.

Matshópur.

Ráðherra skipar þriggja manna matshóp sem hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefnasvið ráðherra almennt og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Hafa skal hliðsjón af stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, við mat á umsóknum og úthlutun styrkja.

4. gr.

Auglýsingar.

Ráðuneytið auglýsir á vef ráðuneytisins eftir umsóknum. Í auglýsingu skal koma fram að ávallt sé hægt að sækja um styrki ásamt nánari upplýsingum um tíðni styrkveitinga og annað sem máli skiptir.

Ráðherra getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin mál á verkefnasviði ráðuneytisins í hverri úthlutun og skulu upplýsingar um áherslur þá koma fram í auglýsingu.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem máli skipta við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

5. gr.
Umsóknir.

Umsókn skal skilað með rafrænum hætti á þar til gerðu umsóknaformi á vef ráðuneytisins og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum.

Matshópur fer yfir umsóknir eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti og svarbréf eru send til umsækjenda í kjölfarið. Gerð er grein fyrir lokadagsetningu umsóknar fyrir hvert styrkjatímabil á vefsíðu ráðuneytisins.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur.
- Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- Nafn og tengiupplýsingar þess sem annast samskipti við ráðuneytið.
- Nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra.
- Lýsing á því hvaða málaflokki/málaflokkum ráðuneytisins umsóknin tengist.
- Lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verður metinn.
- Tíma- og verkáætlun.
- Fjárhagsáætlun, þar sem fram koma m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða sótt um.
- Staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

Hafi umsækjandi áður fengið verkefnastyrk frá ráðuneytinu þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn verði tekin til umfjöllunar.

Í fyrri styrkveitingu felst ekki viljrði fyrir áframhaldandi styrkveitingu.

6. gr.
Mat á umsóknum.

Matshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefna við ráðuneytisins. Við mat á umsóknum skal matshópurinn, auk þeirra skilyrða sem getið er í 2. gr., taka mið af eftirtöldum atriðum:

- Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir stefnu viðkomandi málaflokks.
- Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks.
- Nýnæmi og sérstöðu verkefnis.
- Hvort markmið verkefnis séu skýr, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verði metinn.
- Starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda eftir því sem við á.
- Eigin framlagi umsækjenda eða annarra til verkefnisins.
- Fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er, þegar það á við, litið til þess að hvaða marki umsókn svarar þeim áherslum sem ráðherra hefur ákveðið í viðkomandi úthlutun, sbr. 4. gr.

Við mat á umsóknum er matshópnum heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

7. gr.

Úthlutun og skilmálar.

Matshópur gerir tillögu til ráðherra um úthlutun fjár og ráðstöfun til verkefna eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Tillögur matshóps skulu vera skráðar í rafrænt umsóknarkerfi. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir ráðuneytið nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks á vef ráðuneytisins.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Við móttöku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjöri. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru tilgreindir sérstaklega í úthlutunarbréfi eða samningi.

Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum og gera við styrkþega samninga er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur í slíkum tilvikum að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Að jafnaði greiðir ráðuneytið 80% styrks við undirritun samnings um verkefnið og eftirstöðvar við skil á lokaskýrslu.

8. gr.

Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun.

Styrkþega er skylt að kynna ráðuneytinu stöðu verkefnis þegar eftir því er óskað.

Verði óeðlilegar tafir eða brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka, teljast forsendur fyrir styrkveitingu brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir fram á að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild sinni eða að hluta. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynast útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en veittur styrkur þá lækkar greiðsla eftirstöðva sem því nemur.

Reynast útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en fyrsta greiðsla (80% af styrk) þá skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða mismun á veittum styrk og raunútgjöldum innan 30 daga frá því að fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið mismuninn ásamt innheimtukostnaði.

Styrkþegi skal senda ráðuneytinu greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því að verkefninu lýkur.

Ljúki verkefni ekki innan árs frá því að styrkurinn er veittur skal ráðuneytið upplýst um það.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

9. gr.

Kynningarefni tengt verkefni.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv., sem tengist hinu styrkta verkefni, skal koma fram að það sé styrkt af menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, 17. mars 2025



Logi Einarsson